




HLUTI AF BREYTTU AÐALSKIPULAGI FJARÐABYGGÐAR, mkv. 1:10.000

SKÝRINGAR

- AÐALSTÍGUR,
- TENGISTÍGUR,
- ÚTIVISTARSTÍGUR
- VEGUR
- ÁNINGASTAÐIR / UPPLÝSINGASKILTI
- P4 BÍLASTÆÐI
- SKÚRAR FJARLÆGÐIR
- TJARNIR, staðsetning leiðbeinandi
- NÝJAR VATNSRÁSIR, staðsetning leiðbeinandi
- NÚVERANDI STOFNVATNSLÖGN FJARLÆGÐ
- KVÖÐ UM VATNSLÖGN
- KVÖÐ UM GRINDVERK h. 1.2 m
- TRJÁRÆKTARSVÆÐI SÝND TIL SKÝRINGAR
- NÚV. GRÓÐURREITIR SÝNDIR TIL SKÝRINGAR
- AFMÖRKUN VARNARMANNVIRKJA, rask utan þess óheimil
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS

## Greinargerð

Deiliskipulagssvæðið er um 30 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnasvæði neðan Tröllagilja í Neskaupstað ofan við byggð vestast í bænum. Svæðið afmarkast til suðurs af íbúðabyggð við Urðarteig og Hlíðargötu að gatnamótum Blómsturvalla þaðan nánast beint upp hlíðina í um 105 m hæð, síðan eftir hæðarlínu 105 til vesturs að gömlu malarnámi rétt vestan Strandlækjar og þaðan niður hlíðina að sjó neðan Strandgötu. Í tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Fjarðabyggð 2007-2027 á þéttbýlisuppdrætti fyrir Norðfjörð er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og jafnfram svæði undir náttúruvá.

Tillagan gerir ráð fyrir byggingu þvergarðs allt að 620 m á lend ásamt 23 keilum. Virk hæð garðsins er 16,5-18,5 m að hæð, stærð keilna er 10 m á hæð og breidd. Garðurinn verður 5m breiður efst með öryggisgirðingu h.1.2m við brún framhliðar hans. Auk þvergarðs og keilna er gert ráð fyrir leiðigarði vestast á svæðinu sem verður um 390 m langur. Virk hæð leiðigarðs er 17m.

Talsverðar breytingar verða á streymi yfirborðsvatns eftir að garðar og keilur verða byggð. Lagt er til að núverandi lækir verða leiddir eftir atvikum framhjá keilum niður að framhlið þvergarðs í litlar tjarnir sem síðan verður leidd í gengum garðinn en gert er ráð fyrir þremur ræsum í gengum garðinn.
Vatn sem streymir að leiði garði verður leitt í rásinni flóðmegin meðfram honum og niður til sjávar.

Skóg og trjárækt. Tillagan gerir ráð fyrir skógrækt á jaðarsvæðum vestast og austast milli raskaðs lands og óraskaðs.
Göngustígar. Aðalgöngustígur liggur langs eftir svæðinu milli byggðar og þvergarðs. Gert er ráð fyrir því að stígurinn sé 3,0 m breiður (akfær stígur) með góðu yfirborðsefni og lýsingu.
Tengistígar liggja út frá aðalstíg og tengja m.a. útivistarsvæði og byggð.
Tengistígar eru uppbyggðir stígar allt að 2,0 m breiðir með mismunandi yfirborðsefni s.s. möl, malbik , trjákurl eða allt hvað við á.
Útivistarstígar eru þeir stígar sem ekki falla undir ofangreinda skilgreiningu og geta verið allt frá malar- og kurlstígum í stikaðar gönguleiðir/slóða. Útivistarstígar tengjast m.a. gönguleiðum í fjallshlíðinni.

Útsýnisstaður/áningarstaður. Efst í hlíðum þvergarðsins er gert ráð fyrir útsýnisbryggju þar sem koma mætti fyrir hringsjá, eða korti með fjallanöfnum í firðinum. Auk þess er gert ráð fyrir áningastöðum við tjörn vestan leiðigarðs, við gatnamót stíga austan þvergarðs og við núv. trjáreit ofan við Urðarteig 12a. Við Strandgötu er gert ráð fyrir “áningastað” með upplýsingum um bæinn og varnarmannvirkin.
Bifreiðastæði/aðkoma. Almennum bifreiðastæðum fyrir útivistarsvæðið er komið fyrir ofan Strandgötu við innkomu í bæinn en auk þess er gert ráð fyrir minna bílastæði vestan við Urðarteigs 29.
Uppgræðsla. Uppgræðsla svæðisins miðar við að loka yfirborði og hindra rof.
Vatnslögn. Núverandi stofnvatnslögn þarf að endurnýja. Núverandi lögn verður fjarlægð. Kvöð er um legu nýrrar vatnslagnar við rætur varnargarðs ofan Hlíðargötu og vestan Urðarteigs.
Skúrar. Fjarlægja þarf 1 skúr af svæðinu.

Framkvæmdir við snjóflóðavarnir í þéttbýli falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og þess vegna fellur deiliskipulagstillagan undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Deiliskipulag þetta var samþykkt af umhverfis- og skipulagsnefnd Fjarðabyggðar þann_________.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann____________ 200_

-----------------------------------
Helga Jónsdóttir, bæjarstýra.

| BR. | DAGS. | BREYTING | REIKN. | TEIKN. |
|---|---|---|---|---|
| A | 13.05.2009 | Lagfæringar eftir auglýsingu | | aek |

FJARÐABYGGÐ
HAFNARGÖTU 2, 730 FJARÐABYGGÐ - SÍMI: 470-9000

LANDMÓTUN HAMRABORG 12 - 200 KÓPAVOGUR - SÍMI: 575 5300 - FAX: 554 5360 - NETFANG: landmotun@landmotun.is

# SNJÓFLÓÐAVARNIR NESKAUPSTAÐ - TRÖLLAGIL

DEILISKIPULAG

DEILISKIPULAG - Deiliskipulagsuppdráttur

SKIPULAG: Aðalheiður E. Kristjánsdóttir
TEIKNAÐ:MÓ
SAMÞYKKT
KT.

KVARÐI1: 2000
KÓPAVOGUR dags. 25.09. 2008
VERKNR. 7300-DU-15
TEIKN. NR. D01
BR. A